

## **Þingskjal nr. 55**

### Ályktun

#### Flytjandi Ferða- og samgöngunefnd þingsins

##### Tillaga 1:

Ferða- og samgöngunefnd leggur til að veitt verði árlega verðlaun til þess sveitafélags sem skarað hefur fram úr varðandi viðhald- og uppbyggingu reiðstíga.

Reiðveganefndir hestamannafélaga senda LH tillögu að tilnefningu ásamt rökfærslu sem styður valið.

Hugmynd að verðlaunum; „Gyllta hóffjöðrin“

##### Tillaga 2:

LH sækir um að halda erindi á haustþingi SATS ( Samband íslenskra sveitarfélaga ) til að kynna áherslur hestamanna í reiðvegamálu og minna á að reiðleiðir séu hluti af áætlanagerð sveitafélaga.

##### Tillaga 3:

Brýnt mál er verja þjóðleiðir/reiðleiðir um land allt, sem margar eru að tynast eða lokast af. Sem dæmi eru margar skógræktaráætlanir þar sem þessar leiðir liggja og þyrfti að gera ráð fyrir þeim í skipulagi. Ferða- og samgöngunefnd telur að það þurfi að vekja athygli sveitarfélaga á að þarna séu menningaminjar sem eru að tynast og að í þeim liggi líka mikil tækifæri fyrir ferðaþjónustu af ýmsum toga, ekki síst hestatengdrar. Sem dæmi má nefna þá er Skaftárhreppur að innleiða „horfnar“ þjóðleiðir inn í sitt Aðalskipulag, sem göngu-og reiðleiðir.

[Tillögur samdar í samgöngunefnd þingsins og samþykktar sem ályktun LH þings](#)